Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/03**

(mál M.7342 – Alcoa/Firth Rixson)

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Alcoa Inc. („Alcoa“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Firth Rixson. Framkvæmdastjórninni hafði borist tilkynning um sömu samfylkingu 11. september 2014 en hún var svo dregin til baka 8. október 2014.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Alcoa: þróun og framleiðsla léttmálma, þ.m.t. áls, títans, nikkels og kóbalts, til nota í flugvélar, bifreiðar, orkuframleiðslu og annað

   – Firth Rixson: framleiðsla tæknivara, einkum gæðamálma, heildreginna, valsaðra og logsoðinna hringja, diska, hluta sem eru mótaðir í opnum eða lokuðum mótum og þrýstimótaðra hluta fyrir flugvélar, orkuframleiðslu, olíu og gas og annað

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 366, 16. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7342 – Alcoa/Firth Rixson, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/04**

(mál M.7352 – GDF Suez/SOPER/Natixis/LCS 1/LCS 2/LCS 5/LCS 9/LCS GO)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið La Compagnie du Vent („LCV“), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum frönsku fyrirtækjanna GDF Suez („GDF Suez“) og SOPER („SOPER“), og franska fyrirtækið Natixis Asset Management („Natixis“), sem tilheyrir hinu franska Groupe Banque Populaire Caisse d'Epargne („Groupe BPCE“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í frönsku fyrirtækjunum La Compagnie du Soleil Investissement 1 („LCS 1“), La Compagnie du Soleil Investissement 2 („LCS 2“), La Compagnie du Soleil Investissement 5 („LCS 5“), La Compagnie du Soleil Investissement 9 („LCS 9“) og La Compagnie du Soleil Grand Ouest („LCS GO“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – LCV: franskt fyrirtæki sem þróar vind- og sólarorkuver, byggir þau og rekur, ásamt því sem það framleiðir raforku og selur í heildsölu í Frakklandi. LCV lýtur sameiginlegum yfirráðum GDF og SOPER. GDF er samþætt orkufyrirtæki og starfar á allri orkuvirðiskeðjunni, allt frá því að framleiða gas til að selja það í smásölu og frá því að framleiða raforku og selja hana í smásölu. SOPER er eignarhaldsfélag í einkaeigu og eini tilgangur þess er að halda utan um hlutabréf í LCV

   – Natixis: franskur fyrirtækja- og fjárfestingarbanki sem lýtur yfirráðum Groupe BPCE og stundar heildsölubankastarfsemi, fjárfestingarbankastarfsemi og veitir fjármálaþjónustu

   – LCS 1, LCS 2, LCS 5, LCS 9 og LCSGO: sólarorkuver, sem stunda heildsölu á raforku í Frakklandi

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 368, 17. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7352 – GDF Suez/SOPER/Natixis/LCS 1/LCS 2/LCS 5/LCS 9/LCS GO, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/05**

(mál M.7353 – Airbus/Safran/JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Airbus Group N.V. („Airbus“) og franska fyrirtækið Safran S.A. („Safran“) öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Airbus: starfsemi um heim allan á sviði geimvísinda (eldflaugar og gervihnettir), landvarna, flugvéla og þyrlna

   – Safran: starfsemi um heim allan á sviði hreyfla í loftför (skotbúnaður og hreyflar í gervihnetti), landvarna og öryggis og búnaðar í loftför

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 364, 15. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7353 – Airbus/Safran/JV, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/06**

(mál M.7393 – Albemarle/Rockwood)

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Albemarle Corporation („Albemarle“) öðlast með verðbréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Rockwood Holdings, Inc. („Rockwood“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Albemarle: þróun, framleiðsla og markaðssetning háþróaðra sérnota íðefna fyrir margs konar notendamarkaði, m.a. fyrir olíuhreinsun, almenn rafeindatæki, plast/umbúðir, byggingarstarfsemi, bílaframleiðslu, smurefni, lyf, plöntuvarnarefni, matvælaöryggi og sérsniðna efnafræðiþjónustu

   – Rockwood: þróun, framleiðsla og markaðssetning háþróaðra sérnota íðefna með mikinn virðisauka, einkum liþíums og liþíumsambanda, og tækni og lausna fyrir yfirborðsmeðferð, svo sem til að vernda gegn tæringu, olíu til verndar og forvarna og viðhaldsefna

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 368, 17. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7393 – Albemarle/Rockwood, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/07**

(mál M.7395 – Mexichem/Vestolit)

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem mexíkóska fyrirtækið Mexichem S.A.B. de C.V. („Mexichem“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu VESTO PVC Holding GmbH („Vestolit“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Mexichem: framleiðsla og sala á PVC og milliefnum (s.s. vítissóda, etýlklóríði, metýlklóríði, saltsýru og natríumsúlfati), svo og PVC samböndum, samskeytum, plastaukahlutum og leiðslukerfum úr PVC

   – Vestolit: framleiðsla og sala á PVC og PVC samböndum og milliefnum

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 368, 17. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7395 – Mexichem/Vestolit, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/08**

(mál M.7409 – Apollo Management/Companhia de Seguros Tranquilidade)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sjóðir sem eru í umsýslu hlutdeildarfélaga bandaríska fyrirtækisins Apollo Management L.P. („Apollo“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í portúgalska fyrirtækinu Companhia de Seguros Tranquilidade, S.A. og hlutdeildarfélögum þess („Tranquilidade Group“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Hlutdeildarfélög Apollo: fjárfesta í félögum og skuldum sem félög í margvíslegum atvinnugreinum um heim allan gefa út. Meðal fjárfestinga um þessar mundir má nefna félög í efnaiðnaði, skemmtiferðaskipaútgerð, vöruferlisstjórnun, pappírsvinnslu og málmvinnslu

   – Tranquilidade Group: vátryggingar og -þjónusta, bæði líftryggingar og aðrar vátryggingar. Félagið hefur aðsetur í Lissabon í Portúgal og starfar einkum þar í landi

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 368, 17. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7409 – Apollo Management/Companhia de Seguros Tranquilidade, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/09**

(mál M.7412 – SVP/LHSL)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Strategic Value Partners LLC („SVP“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Linpac Senior Holdings Limited („LSHL“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – SVP: fjárfestingarfyrirtæki sem hefur umsýslu með vogunarsjóðum og sjóðum sem fjárfesta í óskráðum félögum og fjárfestir á mörkuðum fyrir óskráð og skráð hlutabréf, skuldamörkuðum og öðrum óhefðbundnum fjárfestingarmörkuðum um heim allan

   – LSHL: endanlegt móðurfélag Linpac Packaging Limited, sem selur plastumbúðir fyrir matvæli

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 368, 17. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7412 – SVP/LHSL, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/10**

(mál M.7426 – Gallant Venture/Sumitomo/Toyota Motor/Indonesian JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Hino Motors, Ltd. („Hino“), indónesíska fyrirtækið Indomobil Multi Jasa, TBK. („Indomobil“) og hollenska fyrirtækið Summit Global Auto Management, B.V. („Summit“), sem er í eigu japanska fyrirtækisins Sumitomo Corporation („Sumitomo“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu, sameiginlegu indónesísku fyrirtæki, PT. Hino Finance Indonesia („JV“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Hino: hluti af Toyota Motors Corporation og framleiðir þungavinnuvélar og hópferðabíla í Japan. Meðal framleiðsluvara eru einnig léttar atvinnubifreiðar, fólksbifreiðar (fyrir Toyota Motor Corporation) og margs konar vélar og varahlutir. Hino hannar einnig og þróar tengdar vörur

   – Indomobil: fyrirtæki með aðsetur í Indónesíu sem stundar einkum bílasölu, viðhaldsþjónustu, fjármögnun bifreiða fyrir kaupendur, dreifingu varahluta, bílasamsetningu, framleiðslu íhluta og varahluta og aðra tengda stuðningsþjónustu. Fyrirtækið er einkaumboðsmaður í Indónesíu fyrir fjölda heimsþekktra bifreiðategunda

   – Sumitomo: samþætt fyrirtæki sem skráð er í kauphöll, með aðsetur í Japan, og stundar starfsemi innan fjölda atvinnugreina, í Japan og utan, m.a. á sviði málmvara, flutninga- og byggingarkerfa, umhverfismála og grunnvirkja, fjölmiðla, neta og vara sem tengjast lífsstíl, jarðefnaauðlinda, orku, íðefna og rafeindatækja

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 368, 17. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7426 – Gallant Venture/Sumitomo/Toyota Motor/Indonesian JV, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/11**

(mál M.7428 – Iridium/DIF/concession businesses)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Iridium Concesiones de infraestructuras S.A. („Iridium“), dótturfélag spænsku ACS-samsteypunnar, og hollenska fyrirtækið DIF Management B.V. („DIF“), öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki og með stjórnunarsamningi í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nokkrum sérleyfisfyrirtækjum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Iridium: þróar, hefur umsýslu með og sinnir viðhaldi í sérleyfisfyrirtækjum sem lúta að samgöngum og framkvæmdum við opinberber grunnvirki um heim allan

   – DIF: hefur umsýslu með fjárfestingarsjóðum sem sýsla með hágæðaeignir á sviði grunnvirkja, m.a. samstarfsverkefni hins opinbera og einkaaðila sem tengjast félagslegum innviðum og endurnýjanlegri orku í Evrópu og Norður-Ameríku

   – Sérleyfisfyrirtæki: fyrirtæki á sviði grunnvirkja sem tengjast sjúkrahúsum og samgöngum á Spáni og lúta sem stendur að fullu yfirráðum Iridium, eða Iridium og annarra

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 362 14. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7428 – Iridium/DIF/concession businesses, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   B-1049 Brussels

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/12**

(mál M.7311 – MOL/Eni Česka/Eni Romania/Eni Slovensko)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. september 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7311. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/59/13**

(mál M.7380 – EQT Infrastructure/Inmomutua/Acvil CV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 7. október 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á spænsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm), undir skjalnúmeri 32014M7380. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Austurríki **2014/EES/59/14**

Málsnúmer SA.24221 (2012/C) (áður 2012/NN) (áður CP 281/2007) – Klagenfurt-flugvöllur – Ryanair og önnur flugfélög

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Austurríki, með bréfi dagsettu 23. júlí 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtíð. ESB (C 348, 2.10.2014, bls. 36). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
Rue de la Loi/Wetstraat, 200
B-1049 Brussels
BELGIUM

Bréfasími: +32 22961242
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Austurríki. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Grikkland **2014/EES/59/15**

Málsnúmer SA.35608 (2014/C) (áður 2014/N) – Ελληνικά Ταχυδρομεία (ΕΛΤΑ)/ Hellenic Post (ELTA) – Endurgjald vegna fjármögnunar á alhliða póstþjónustu

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Grikklandi, með bréfi dagsettu 1. ágúst 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtíð. ESB (C 348, 2.10.2014, bls. 48). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
Rue de la Loi/Wetstraat, 200
B-1049 Brussels
BELGIUM

Bréfasími: +32 22961242
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Grikklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Frakkland **2014/EES/59/16**

Málsnúmer SA.36511 (2014/C) (áður 2013/NN) – Stuðningskerfi vegna endurnýjanlegrar orku og hámark á CSPE-gjaldið

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Frakklandi, með bréfi dagsettu 27. mars 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á hámarki sem ákveðið var á CSPE-gjaldið ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórnin ákvað að hreyfa ekki andmælum við aðstoð vegna raforku sem framleidd er í vindorkuverum á landi, eins og henni er lýst er í bréfi því sem vísað er í hér að neðan.

Framkvæmdastjórnin samþykkti hinn 9. apríl leiðbeinandi reglur ESB um umhverfisvernd og orku 2014–2020 ([1]). Leiðbeinandi reglur þessar gengu í gildi 1. júlí 2014. Samkvæmt 248. lið þessara leiðbeinandi reglna mun framkvæmdastjórnin meta samrýmanleika allrar hugsanlega ólögmætrar aðstoðar í formi minni stuðnings við orku frá endurnýjanlegum orkulindum í samræmi við ákvæði undirkafla 3.7.2 og 3.7.3 í sömu leiðbeinandi reglum.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtíð. ESB (C 348, 2.10.2014, bls. 78). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
Rue de la Loi/Wetstraat, 200
B-1049 Brussels
BELGIUM

Bréfasími: +32 22961242
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

([1]) Stjtíð. ESB C 200, 28.6.2014, bls. 1.

Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni **2014/EES/59/17**

Efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til að kolvetnisleitar á leitarsvæði E7 sem afmarkað er á korti í 3. viðauka við námareglugerð („*Mijnbouwregeling*“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og ákvæða 15. gr. námalaga („*Mijnbouwwet*“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002), auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisvinnslu á leitarsvæði E7 á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá Staatsblad nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 254, 8.10.2014, bls. 12). Umsóknir ber að senda efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken
ter attentie van de heer P. Jongerius, directie Energiemarkt
Bezuidenhoutseweg 73
Postbus 20401
2500 EK Den Haag
NEDERLAND

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. E.J. Hoppel í síma +31 703797762.

Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni **2014/EES/59/18**

Efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði D9 sem afmarkað er á korti í 3. viðauka við námareglugerð („*Mijnbouwregeling*“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og ákvæða 15. gr. námalaga („*Mijnbouwwet*“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002), auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisvinnslu á leitarsvæði D9 á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá Staatsblad nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 254, 8.10.2014, bls. 13). Umsóknir ber að senda efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken
ter attentie van de heer P. Jongerius, directie Energiemarkt
Bezuidenhoutseweg 73
Postbus 20401
2500 EK Den Haag
NEDERLAND

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. E.J. Hoppel í síma +31 703797762.

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ([1]) **2014/EES/59/19**

(Tilkynning um umsóknir um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennd eru við „*Pays Champenois*“ og „*Broussy*“)

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 7. apríl 2014, hefur fyrirtækið Perf'Energy SAS, sem skráð er að 35 avenue d'Epremesnil, 78290 Croissy-sur-Seine (Frakklandi), farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Pays Champenois“, til olíu- og gasleitar á svæði sem er 338 km².

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 12. september 2014, hefur fyrirtækið Investaq Énergie SAS, sem er skráð að 32 avenue Hoche, 75008 Paris (Frakklandi), farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Boussy“, til olíu- og gasleitar á svæði sem er 350 km².

Svæðið, sem leyfisumsóknirnar í Marne-sýslu taka til, markast af beinum línum sem tengja hornpunktana sem eru skilgreindir hér að neðan:

Hornpunktur	NTF núlllengdarbaugur sem liggur í gegnum París		RGF93 núlllengdarbaugur sem liggur í gegnum Greenwich	
	Austlæg lengd	Norðlæg breidd	Austlæg lengd	Norðlæg breidd
A	1,52	54,30	3°42′16″	48°52′12″
B	1,70	54,30	3°52′00″	48°52′12″
C	1,70	54,20	3°52′00″	48°46′48″
D	2,00	54,20	4°08′12″	48°46′48″
E	2,00	54,21	4°08′12″	48°47′20″
F	1,97	54,21	4°06′35″	48°47′20″
G	1,97	54,23	4°06′35″	48°48′25″
H	1,83	54,23	3°59′01″	48°48′25″
I	1,83	54,27	3°59′01″	48°50′35″
J	2,00	54,27	4°08′12″	48°50′35″
K	2,00	54,30	4°08′12″	48°52′12″
L	1,80	54,30	3°57′24″	48°52′12″
M	1,80	54,10	3°57′24″	48°41′24″
N	1,68	54,10	3°50′55″	48°41′24″
O	1,68	54,13	3°50′55″	48°43′01″
P	1,64	54,13	3°48′45″	48°43′01″
Q	1,64	54,10	3°48′45″	48°41′24″
R	1,60	54,10	3°46′36″	48°41′24″
S	1,60	54,20	3°46′36″	48°46′48″
T	1,47	54,20	3°39′34″	48°46′48″
U	1,47	54,23	3°39′34″	48°48′25″
V	1,48	54,23	3°40′07″	48°48′25″
W	1,48	54,28	3°40′07″	48°51′07″
X	1,52	54,28	3°42′16″	48°51′07″

Svæðið sem skilgreint er hér að framan er um 350 km².

([1]) Stjtíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (Stjtíð. ESB C 358, 10.10.2014, bls. 6), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknir ber að senda til ráðuneytis umhverfismála, sjálfbærrar þróunar og orku á neðangreint póstfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 18. apríl 2016.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1. í frönskum námalögum og á tilskipun 649 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar fást í ráðuneyti umhverfismála, sjálfbærrar þróunar og orku:

Direction générale de l'énergie et du climat – Direction de l'énergie
Bureau exploration et production des hydrocarbures
Tour Séquoia
1 place Carpeaux
92800 Puteaux
FRANCE
Sími: +33 140819527

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance:

http://www.legifrance.gouv.fr

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/67/EB **2014/EES/59/20**

Orðsending Lýðveldisins Króatíu um beitingu stafl. b) og d) í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/67/EB gagnvart alþjóðaflugvellinum í Zagreb

Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2014 tilkynning samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum Bandalagsins um að ráðuneyti siglinga, samgangna og grunnvirkja í Lýðveldinu Króatíu hefði tekið ákvörðun um að veita alþjóðaflugvellinum í Zagreb (Zagreb International Airport Jsc.) eftirfarandi undanþágur:

— að banna eigin afgreiðslu á alþjóðaflugvellinum í Zagreb í tengslum við eftirfarandi þjónustu sem um getur í 3., 4. og 5. lið viðaukans við tilskipunina: farangursafgreiðslu, hlaðafgreiðslu og flutning á fragt og pósti milli flugstöðvar og flugvélar, hvort sem um er að ræða fragt sem er að koma, fara eða er í umflutningi, og

— að framkvæmdastjórn flugvallarins (Zagreb International Airport Jsc.) geti áskilið sér, fyrir milligöngu dótturfélags síns í einkaeigu, MZLZ-Zemaljske Usluge d.o.o., einkarétt á að veita þriðju aðilum eftirfarandi þjónustu sem um getur í 3., 4. og 5. lið viðaukans til tilskipunina: farangursafgreiðslu, hlaðafgreiðslu og flutning á fragt og pósti milli flugstöðvar og flugvélar, hvort sem um er að ræða fragt sem er að koma, fara eða er í umflutningi.

Undanþágur þessar, sem byggja á stafl. b) og d) í 1. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar, eru veittar til tveggja ára, frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2016.

Lýðveldið Króatía veitir undanþágur þessar einkum af eftirtalinni ástæðu: Takmarkanir núverandi flugstöðvar, að því er varðar grunnvirki og rekstur, gera ekki kleift að innleiða hagkvæma og skilvirka flugafgreiðslu viðbótar þjónustuaðila vegna þeirrar þjónustu sem um getur hér að framan á meðan á byggingu nýrrar flugstöðvar stendur.

Um nánari upplýsingar sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 360, 11.10.2014, bls. 2.

Stjórnvöld í Króatíu hafa einnig lagt til ráðstafanir til að vinna bug á fyrrnefndum takmörkunum, en undanþágurnar falla úr gildi á sama tíma og verklok við nýja flugstöð eru fyrirhuguð.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. eru hagsmunaaðilar hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa áður en 15 dagar eru liðnir frá birtingu orðsendingar þessarar (Stjtíð. ESB C 360, 11.10.2014, bls. 2) á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Mobility and Transport (unit E4 internal market and airports)
Office: DM24 05/84
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Netfang: emmanuelle.maire@ec.europa.eu

Auglýst eftir tillögum 2015 – EAC/A04/2014 **2014/EES/59/21**
Áætlunin Erasmus+

Inngangur og markmið

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2003 frá 11. desember 2013 um að koma á fót „Erasmus+“: Áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir, svo og á grundvelli árlegrar starfsáætlunar Erasmus + fyrir 2014 – Alþjóðleg vídd æðri menntunar (fyrirsögn 4) og á grundvelli árlegrar starfsáætlunar Erasmus+ fyrir árið 2015. Áætlunin Érasmus+ tekur til áranna 2014 til 2020. Sértæk markmið áætlunarinnar Erasmus+ eru talin upp í 5., 11. og 16. gr. reglugerðarinnar.

Aðgerðir

Auglýsing þessi eftir tillögum tekur til eftirfarandi aðgerða áætlunarinnar Erasmus+:

Lykilaðgerð 1 – Námsferðir fyrir einstaklinga

– Ferðir fyrir einstaklinga á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála
– Sameiginlegar meistaragráður Erasmus Mundus
– Stórir atburðir evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunnar

Lykilaðgerð 2 – Samstarf um nýsköpun og skipti á góðum vinnubrögðum

– Marksækin samstarfsverkefni á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála
– Þekkingarbandalög
– Atvinnugreinabandalög
– Efling færni á sviði æðri menntunar
– Efling færni á sviði æskulýðsstarfs

Lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum

– Skipulögð skoðanaskipti: Fundir ungmenna með þeim sem taka ákvarðanir á sviði æskulýðsmála

Starfsemi á vegum Jean Monnet áætlunarinnar

– Jean Monnet kennslustöður
– Jean Monnet einingar
– Jean Monnet gæðamiðstöðvar
– Jean Monnet stuðningur við stofnanir og samtök
– Jean Monnet net
– Jean Monnet verkefni

Íþróttir

– Samstarfsverkefni á sviði íþrótta
– Evrópskir íþróttaviðburðir sem ekki eru haldnir í ágóðaskyni

Hlutgengi

Allir opinberir aðilar eða aðilar úr einkageiranum á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsstarfs og íþrótta geta sótt um fjármuni innan áætlunarinnar Erasmus+. Þá geta hópar ungmenna sem eru virk innan æskulýðsstarfs, en ekki nauðsynlegan innan æskulýðssamtaka, sótt um fjármuni vegna námsferða ungmenna og umsjónarmanna æskulýðsstarfs, svo og vegna marksækinna samstarfsverkefna á sviði æskulýðsmála.

Eftirtalin lönd geta tekið þátt í áætluninni Erasmus+ ([1]):

([1]) Nema að því er varðar starfsemi á vegum Jean Monnet áætlunarinnar, en hún er opin fyrir umsóknir frá öllum menntastofnunum í heimi á háskólastigi.

Eftirtalin lönd sem eiga aðild að áætluninni Erasmus+ geta tekið fullan þátt í aðgerðunum:

– 28 aðildarríki Evrópusambandsins,
– EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES: Ísland, Liechtenstein og Noregur,
– Ríki sem hafa sótt um aðild að ESB; Tyrkland og Makedónía, fyrrverandi lýðveldi í Júgóslavíu.

Þá geta samtök frá samstarfslöndum tekið þátt í tilteknum aðgerðum áætlunarinnar Erasmus+

Nánari upplýsingar um skilyrði fyrir þátttöku er að finna í leiðarvísi áætlunarinnar Erasmus+.

Fjárveiting og lengd verkefna

Áætluð heildarfjárveiting vegna þessarar auglýsingar er 1 736,4 milljón EUR.

Menntun og þjálfun	:	1 536,1 milljón EUR ([2])
Æskulýðsstarf	:	171,7 milljón EUR
Jean Monnet	:	11,4 milljón EUR
Íþróttir	:	16,8 milljón EUR

Heildarfjárhæð vegna þessarar auglýsingar, svo og skipting hennar er leiðbeinandi og unnt er að breyta henni, með fyrirvara um breytingu á árlegri starfsáætlun Erasmus+.
Hugsanlegum umsækjum er bent á að skoða árlega starfsáætlun Erasmus+ og breytingar á henni á vefsvæðinu

http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/more_info/awp/index_en.htm

að því er varðar fjárveitingu til aðgerða sem falla undir auglýsingu þessa.

Styrkfjárhæðir og lengd verkefna ráðast af þáttum á borð við eðli verkefnis og fjölda þátttökuríkja.

Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur sá sem tilgreindur er hér á eftir rennur út kl. 12 á hádegi að Brussel-tíma.
Lykilaðgerð 1

Ferðir fyrir einstaklinga á sviði æskulýðsmála	4. febrúar 2015
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði menntunar og þjálfunar	4. mars 2015
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði æskulýðsmála	30. apríl 2015
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði æskulýðsmála	1. október 2015
Sameiginlegar meistaragráður Erasmus Mundus	4. mars 2015
Stórir atburðir evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunnar	3. apríl 2015

Lykilaðgerð 2

Marksækin samstarfsverkefni á sviði æskulýðsstarfs	4. febrúar 2015
Marksækin samstarfsverkefni á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs	30. apríl 2015
Marksækin samstarfsverkefni á sviði æskulýðsstarfs	1. október 2015
Samstarf háskóla og atvinnulífs, samstarf atvinnulífs og skóla	26. febrúar 2015
Efling færni á sviði æðri menntunar	10. febrúar 2015
Efling færni á sviði æskulýðsstarfs	3. apríl 2015 2. september 2015

([2]) Þessi fjárhæð felur í sér fjármuni vegna alþjóðlegrar víddar æðri menntunar (267,7 milljón ERU í heild).

Lykilaðgerð 3

Fundur ungmenna og þeirra sem taka ákvarðanir á sviði æskulýðsmála	4. febrúar 2015 30. apríl 2015 1. október 2015

Aðgerðir á vegum Jean Monnet áætlunarinnar

Kennslustöður, einingar, gæðamiðstöðvar, stuðningur við stofnanir og samtök, net, verkefni	26. febrúar 2015

Aðgerðir á sviði íþrótta

Samstarfsverkefni á sviði íþrótta sem aðeins tengjast evrópskri íþróttaviku 2015	22. janúar 2015
Samstarfsverkefni á sviði íþrótta sem tengjast ekki evrópskri íþróttaviku 2015	14. maí 2015
Evrópskir íþróttaviðburðir sem aðeins tengjast evrópskri íþróttaviku 2015 og eru ekki haldnir í ágóðaskyni	22. janúar 2015
Evrópskir íþróttaviðburðir sem tengjast ekki evrópskri íþróttaviku 2015 og eru ekki haldnir í ágóðaskyni	14. maí 2015

Nánari fyrirmæli sem varða umsóknarfrestinn er að finna í leiðarvísi áætlunarinnar Erasmus+.

Nánari upplýsingar

Allar upplýsingar um skilyrði, sem sett eru í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, m.a. um forgangsverkefni, er að finna í leiðarvísi fyrir áætlunina Erasmus+ á eftirfarandi vefsetri:

http://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/discover/guide/index_en.htm

Leiðarvísir áætlunarinnar Erasmus+ er óaðskiljanlegur hluti auglýsingar þessarar eftir tillögum og skilyrði fyrir þátttöku og fjármögnun sem þar koma fram gilda að fullu um auglýsingu þessa.